

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



Dags eftirlits	22.8.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Norðurál Grundartanga	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5702972609	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðlaugur Bjarki Lúðvíksson	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	365596,685 431351,563

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar styrk flúors á Kríuvörðu.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í Norðurál á Grundartanga og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

- Stutt kynning á starfseminni fyrir nýja eftirlitsmenn
- Niðurstöður umhverfisvöktunar 2024
- Innri mælingar og flúor
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Rekstraraðili kynnti starfsemi álversins fyrir nýjum eftirlitsmönnum.

Farið var yfir niðurstöður umhverfisvöktunar 2024. Samkvæmt skýrslu um niðurstöður umhverfisvöktunar 2024 mældist styrkur á loftkenndu flúoríði á Kríuvörðu 0,34 μg HF/m³. Viðmiðunarmörk fyrir loftkennt flúoríð er skv. starfsleyfi Norðuráls 0,3 μg HF/m³.

Farið var yfir innri mælingar rekstraraðila og flúorlosun. Rekstraraðili kynnti vöktunar- og viðvörunarkerfi í kerskála sem komið hefur verið upp til að starfsfólk geti brugðist við sem fyrst ef losun á flúori eykst í kerskála. Rekstraraðili fór jafnframt yfir umbætur á verklagi í kerskála sem gerðar hafa verið á undanförunum árum. Losun flúors frá starfseminni, skv. skýrslum frá rekstraraðila var innan marka starfsleyfisins.

Farið var í skoðunarferð um kerskála, steypuskála og rannsóknastofu. Rætt var um öryggisblöð í rannsóknastofu og fram kom að QR kóði er á hurð í rannsóknastofu svo starfsmenn hafa alltaf aðgang að öryggisblöðum.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 1.10 í starfsleyfi

Umhverfismörk utan þýnningarsvæðis flúors eru 0,3 μg /m³ reiknað sem meðaltal á tímabilinu 1. apríl – 1. september. Árið 2024 mældist styrkur loftkennds flúoríðs á Kríuvörðu 0,34 μg /m³.

ANNAÐ

Einnig var viðstaddur eftirlitið fyrir hönd Umhverfis- og orkustofnunar Kjartan Guðmundsson

Reykjavík,

03.10.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í

G. A. H. S. Þ. S.

starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Sigríður Magnúsdóttir